# Fundargerð

191. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn kl. 13.30 fimmtudaginn 6. apríl 2017 að Furuvöllum 1, Akureyri

**Dagskrá:**

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**

2. **Fráveitumál í Mývatnssveit; skýrt frá kynningarfundi í Mývatnssveit.**

   Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá kynningarfundi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar með sveitarstjórn, og stærri rekstraraðilum í Mývatnssveit þann 3. apríl s.l. um lög, reglur og nauðsynlegar framkvæmdir til að mæta kröfum um ítarlega hreinsun skólps á vatnasviði Mývatns og Laxár, sbr. reglugerð um verndun Mývatns og Laxár nr.665/2012. Á fundinum kom m.a. fram að um afar kostnaðarsamar framkvæmdir er að ræða og nauðsynlegt að ríkisvaldið komi að málum og að fullur vilji er hjá sveitarstjórn til þess að taka á málum um leið og fjármögnun framkvæmda er tryggð. Þá kom fram að búið er að vinna talsverða undirbúningsvinnu; bæði að hálfu Skútustaðahrepps og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis; m.a. liggja fyrir skýrsla samstarfshóps um Mývatn: Ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir, júní 2016 og drög að skýrslu um fráveitumál við Mývatns, Efla verkfræðistofa, úttekt á núverandi stöðu og tillögur í ljósi ofauðgunar, dags. 14.02.2017. Sveitarstjórn mun skila inn sinni áætlun um úrbætur til heilbrigðisnefndar fyrir 17. júní n.k. og nokkrir stærri rekstraraðilar hafa þegar lýst sínum áformum.

3. **Skútaberg ehf.-krafa um framlengingu á gildistíma starfsleyfis.**

   María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti erindi frá lögmanni Skútabergs ehf Moldahaugahálsi, þar sem gerð er krafa um framlengingu starfsleyfis. Afgreiðslu þessa erindis var frestað á fundi nefndarinnar þann 1. febrúar 2017.

   Heilbrigðisnefnd áformar að gefa út starfsleyfi til 12 ára þegar fyrir liggur hvernig tekst til við endurbætur á vegtengingu við þjóðveg 1 á Moldhaugahálsi ásamt áformum Skútabergs ehf um að binda yfirborð heimreiðar gagngert til að fyrirbyggja rykmengun vegna umferðar. Einnig verður horft til þess hvernig tekst til með vökvun og aðrar aðgerðir til rykbindingar við efnisnám og efnisvinnslu á athafnasvæði Skútabergs og áform Skútabergs ehf um að bæta ásýnd tveggja vatnstanka á Moldhaugahálsi með málningu. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að Skútaberg ehf ljúki úrbótum sumarið 2017 og felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja málinu eftir.

4. **Helstu niðurstöður úr tilraunaverkefninu um hljóðvist „Hávaði í leikskólum“ á Akureyri og niðurstöður könnunar hollustuháttarhóps á hávaða í umhverfi barna í leik- og grunnskólum.**

   Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sýndi á skjá niðurstöður mælinga á hávaða í verkefninu; til hvaða aðgerða var gripið til að bæta hljóðvist við

mismunandi aðstæður í leikskólum Akureyrarbæjar og hvernig hinar ýmsu aðgerðir urðu til þess að bæta hljóðvist.

Bæði var um að ræða hávaðamælingar fyrir og eftir aðgerðir og einnig svöruðu starfsmenn spurningum um stöðu mála og upplifun fyrir og eftir aðgerðir.

5. **Útgáfa á sóttvarnarundanþáguvottorði s.k.v. Alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (WHO) fyrir skip í millilandaumferð, í gegnum Shipsan gagnagrunn.**

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá framkvæmd skipaskoðunar skv. nýju eftirlits- og skráningakerfi fyrir skip. Um er að ræða afar ítarlegt skipaskoðunarkerfi sem nær til margra sviða, s.s. hreinlætis, öryggis, matvæla, aðbúnaðar gesta og starfsmanna, neysluvatns, þvottaaðstöðu og mengunarvarna. Mikilvægt er að skemmtiferðaskip og önnur skip hafi aðgang að slíkri þjónustu á Akureyri. Umrætt skipaskoðunarkerfi er að festa sig í sessi og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra er í farabroddi við innleiðingu þessa kerfis hér á landi.

**Umsagnir:**

1. **Sandgerðisbót, Akureyri – umsögn um tillögu að deiliskipulagsbreytingu vegna byggingu skólphreinsistöðvar**.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

2. **Stækkun fiskeldis að Núpsmýri í Öxarfirði úr 1.600 tonnum í 3.000 tonn.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn þar sem fram kemur að ekki er talin þörf á að fyrirhuguð stækkun fari í umhverfismat.

3. **Miðhafnarsvæði Húsavíkur deiliskipulag.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

4. **Skipulagslýsing vegna tillögu að deiliskipulagi af Þingey og Skuldaþingey.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

5. **Deiliskipulagstillaga í landi Snerru, Svarfaðardal, Dalvíkurbyggð.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

6. **Tillaga að deiliskipulagsbreytingu, Húsavík-Höfðavegur.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti drög að umsögn þar sem vakin er athygli á mikilvægi umferðaröryggis og sjónrænna þátta í skipulagi og útliti bygginga.

**Umsóknir um starfsleyfi**:

1. Ester Guðbjörnsdóttir kt. 160461-5009, Tungusíða 13, 603 Akureyri, fyrir stofuna ĂHeilsa og líðanñ, Tungusíðu 13, 603 Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um skipulags- og byggingafulltrúa**.
2. Börkur Emilsson, kt. 140166-5889, Stóragarði 7, 600 Húsavík. Viðbótargisting, 2 herbergi í Stóragarði 7. Gististaður fl. II. **Samþykkt.**
3. Bergþór Arnarson, kt. 081093-3189, Laugarholti 3a, 640 Húsavík. Sér íbúð að Laugarholt 3a. Gististaður fl. II. **Samþykkt.**
4. Svanhildur Sigtryggsdóttir, kt. 120648-3659, Engi Þingeyjarsveit. Sumarhús á jörðinni. Gististaður fl II. **Samþykkt.**
5. Tveir bræður, kt.470317-9619, Hálsi Þingeyjarsveit. Gisting í einbýlishúsi á jörðinni. Gististaður fl. II. **Samþykkt.**
6. Birgitta Bjarney Svavarsdóttir kt. 260672-4799, Brúnagerði 9, 640 Húsavík. Gisting á efri hæð Garðarsbrautar 18. Gististaður fl. II. **Samþykkt.**
7. Stefán Bjarni Sigtryggsson, kt. 020556-4639 Baughóli 1, 640 Húsavík. Gisting í íbúðarhúsinu í Steindal Tjörnesi. Gististaður fl. II. **Samþykkt.**
8. Bryndís Pétursdóttir, kt. 220670-4069, Lautavegi 8, 650 Laugar. Gisting og veitingar að Bollastöðum í Reykjadal. Gististaður fl III. **Samþykkt.**
9. GPG seafood, ehf kt. 551203-2470. Gististaður fl. II. Heit GPG Guesthouse.
10. Jarðböðin h.f. kt. 700498-2399, Jarðbaðshólum Skútustaðahreppi. **Afgreiðslu frestað.**
11. K6 ehf kt. 620310-0850; Sushi Corner, veitingahús, Kaupvangsstræti 1, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
12. Stefán Lárus Karlsson; kt. 050265-2939, Ytri-Bægisá 2 (152509), 601 Akureyri, gistiheimlili með morgunmat og tilfallandi máltíðir. **Samþykkt.**
13. Árni Geirhjörtur Jónsson, kt. 180353-5769; Kotabyggð 1b, útleiga á sumarhúsi. **Samþykkt.**
14. L&L ehf, kt. 660117-1990, gistiþjónusta í þremur húsum að Hríshöfða, 621 Dalvík. **Samþykkt.**
15. Hanna Dóra Ingadóttir, kt. 260560-5739, Smáratúni 9, Svalbarðseyri, 601 Akureyri, útleiga á íbúð ásamt 90 daga heimagistingu í annari íbúð í sama húsi. **Samþykkt.**
16. Guðfinna Steingrímsdóttir kt. 070457-2619, Litla-Hvammi 2, Svalbarðsströnd, gisting á einkaheimili með morgunmat. **Samþykkt.**
17. Ásgeir í Höfða kt. 681108-0410, Grýtubakka 1, 601 Akureyri, gistiskáli fyrir allt að 20 manns. **Samþykkt.**
18. Rannsóknastofnun Hugans, sjálfseignarstofnun, kt. 630315-0180, gistiskáli að Selá, 621 Dalvík. **Samþykkt.**

**Starfsleyfi heimagisting 90 dagar**

1. Unnsteinn Sigurgeirsson, kt. 180757-2369, Hörpulundi 13, 600 Akureyri. Sumarbústaður í landi Vaðs í Þingeyjarsveit. **Samþykkt.**
2. Sigþrúður Sigurbjörnsdóttir, kt. 110854-3829, Bakke Söndre,2040 Klofta 240 Norge. Einbýlishús að Geiteyjarströnd 4, 660 Mývatn. **Samþykkt.**
3. Ingunn Indriðadóttir, kt. 140162-4779, Háagerði 10, 640 Húsavík. Tvö hús í Flatey á Skjálfanda, Sólborg og Sigtún. **Samþykkt.**
4. Hólmfríður Guðmundsdóttir, kt. 270735-2319, Holtateigi 13, 600 Akureyri. Sumarhús í landi Öxarár í Þingeyjarsveit. **Samþykkt.**
5. Heimir Áslaugsson, kt. 170271-4249, Sólvallagötu 2 630 Hrísey. Íbúðarhúsið Arnarstaðir 645 Fosshóli. **Samþykkt.**
6. Gréta Ásgeirsdóttir, kt. 060648-2559, Hólavegi 5, 650 Laugar. Gisting í tveimur herbergjum á heimili hennar. **Samþykkt.**

7. Líney Helgadóttir, kt. 220649-3509,Bakkasíðu 10, 603 Akureyri. Gisting í íbúðarhúsinu að Víkurbraut 20, 675 Raufarhöfn. **Samþykkt.**
8. Snæfríður Ingadóttir kt. 230973-5399, Brekkugötu 3b, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
9. Hilmar Þór Sigurjónsson kt. 130386-2379, Móafell, 601 Akureyri. **Samþykkt.**

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45

| | |
|---|---|
| Jón Ingi Cæsarsson | Alfreð Schiöth |
| Steinþór Heiðarsson | Þorkell Björnsson |
| Kristín Halldórsdóttir | Þórey Agnarsdóttir |
| | María Markúsdóttir |